

AUGLÝSING

152

28. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Flateyrarkauptún, nr. 145 27. ágúst 1943.

Öll gjöld samkvæmt VIII. kafla hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. júlí 1943 innheimtast með 100% hækkun.

Lágmarksgjald samkv. c-lið 25. gr. skal vera kr. 5.00.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóv. 1917, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

153

30. júní

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er ræðir um í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir samkv. 36. og 37. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1943.

Í Reykjavík:

Skattskrá skal lögð fram fyrir 1. júlí þ. á. og liggja frammi til 13. júlí þ. á. á lögákveðnum stað.

Kærufrestur til skattstjóra skal vera til 13. júlí þ. á.

Úrskurðir skattstjóra um kærur skulu felldir fyrir 26. júlí þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 30. júní 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUR

154

30. júní

um greiðslur úr ríkissjóði vegna verðfellingar á mjólk.

1. gr.

Mjólkurbúum verður greidd uppbót á hvert kg. innveginna mjólkur.

2. gr.

Þeim framleiðendum á verðlagssvæðum mjólkurbúa, er hafa fengið undanþágu til beinnar sölu, verður greidd verðupphótin eftir sömu reglum og þeir greiða verðjöfnunargjald til verðjöfnunarsjóðs.

154 Mjólkursamsalan í Reykjavík annast greiðslu verðuppbótanna á sölusvæði
30. júní Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

3. gr.

Á þeim stöðum, þar sem einn eða fleiri mjólkurkaupmenn kaupa mjólk af framleiðendum til sölu, skal verðuppbótin greidd á innvegna mjólk.

4. gr.

Þeir mjólkurframleiðendur, er selja mjólk beint til neytenda í kaupstöðum, kauptúnnum og þorpum, utan verðlagssvæða mjólkurbúanna, fá verðuppbætur samkvæmt framlögðum söluskýrslum, þar sem tilgreint er hverjum mjólkin sé seld og hve mikið, ásamt viðurkenningu kaupanda. Skýrslur þessar skulu trúnaðarmenn staðfesta.

5. gr.

Skipaðir verða eftirlitsmenn í þeim kaupstöðum, kauptúnnum og þorpum, þar sem mjólkursala er og verðið hefur verið hærra en kr. 1.40 pr. ltr. Skulu þeir hafa eftirlit með því, að framfylgt sé ákvæðum reglna þessara. Ber eftirlitsmönnum að afla sér upplýsinga um mjólkurkúaeign manna á þeim svæðum, er eftirlit þeirra nær til. Þeir taka við reikningum mjólkurframleiðenda yfir verðbætur samkvæmt 3. og 4. gr. og senda þá áfram til landbúnaðarráðuneytisins.

Kostnaður sá, sem af þessum ákvæðum leiðir, skal greiddur úr ríkissjóði.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

155
30. júní

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

F Y R S T I Þ Á T T U R

Ákvæði, er taka til bæði kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um velsæmi og hegðun.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almennings fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.